

# Héraðsdómur Reykjavíkur

Úrskurður 1. júní 2026

Mál nr. X-7012/2025:

**Pálmi Ragnar Ásgeirsson**

(Geir Gestsson lögmaður)

**Þrotabú Líms og varahluta ehf.**

(Unnsteinn Örn Elvarsson lögmaður)

gegn

**Bríeti Ísis Elfar**

(Tómas Þorvaldsson lögmaður)

## Úrskurður

Málsmeðferð og dómkröfur málsaðila.

Mál þetta, sem barst dóminum 26. nóvember 2025 með bréfi skiptastjóra Þrotabús Líms og varahluta ehf., var tekið til úrskurðar 13. maí 2026 um frávísunarkröfu sóknaraðila Pálma Ragnars Ásgeirssonar, [...], Kópavogi.

Varnaraðili í þessum þætti málsins er Bríeti Ísis Elfar, [...], Reykjavík.

Skiptastjóri Líms og varahluta ehf., [...], Reykjavík gerir ekki kröfu um frávísun málsins frá dómi, en telur málatilbúnað varnaraðila og skort á gögnum vera með þeim hætti að varða kunni frávísun málsins af sjálfsdáðum og tekur undir málsástæður sóknaraðila Pálma Ragnars Ásgeirssonar sem fram koma í greinargerð hans til dómsins.

1.

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 24. janúar 2024 var bú Líms og varahluta ehf. tekið til gjaldþrotaskipta. Í bréfi skiptastjóra til dómsins, móttæknu 26. nóvember 2025, er lýst atvikum málsins þar sem krafist er úrlausnar dómsins um það hvort samþykkja eigi almenna kröfu varnaraðila Bríetar í búið, að fjárhæð 7.120.677 krónur.

Fram kemur nánar í bréfi skiptastjóra að varnaraðili hafi lýst fyrrgreindri fjárkröfu í Þrotabúið og að sömu kröfu hafi einnig verið lýst á grundvelli 113. gr. laga nr. 21/1991. Krafa varnaraðila byggir á því að hún eigi tilkall til 50% af áætluðum heildarstreymistekjum sem tengjast útgefnum lögum á nafni hennar. Hún hafi átt þátt í vinnu við samningu laganna, vinnu við hljóðupptökur, hún sé flytjandi og hafi staðið að kynningu hljóðupptakanna og því sé um að ræða ógreiddar þóknarir til hennar sem kröfuhafa í Þrotabúið.

Skiptastjóri tekur fram að kröfuskra hafi verið send varnaraðila 13. maí 2025. Tók skiptastjóri þar fram að ekki væri ástæða til þess að taka afstöðu til almennrar kröfu varnaraðila, þar sem ljóst væri að ekkert myndi koma upp í almennar kröfur. Farið hafi verið yfir afstöðu skiptastjóra á kröfuhafafundum 28. maí 2025 og 24. júní s.á. Vegna ágreinings búsins við báða málsaðila um eignarhald á hljóðupptökum af lögum sem gefin voru út af hinu gjaldþrota félagi á nafni Bríetar sem tónlistarmanns hafi að mati skiptastjóra þurft að taka afstöðu til almennrar kröfu Bríetar, þar sem skiptastjóri hafi talið hana byggjast á því að Bríet ætti hljóðupptökurnar eða hlutdeild í þeim hið minnsta. Í kjölfar þessa hafi skiptastjóri sent kröfuhöfum nýja kröfuskra, þar sem ítrekað var að almennri kröfu Bríetar væri hafnað, m.a. á þeim grundvelli að búið hefði athugasemdalaust frá upphafi innheimt tekjur á hljóðupptökunum eins og þær væru eign búsins, auk þess sem deilt væri um það hver væri eigandi hljóðupptakanna.

Á kröfuhafafundi 26. september 2025 hafi skiptastjóri ítrekað afstöðu sína um að hann teldi Bríeti ekki eiga almenna fjárkröfu í búið, nema hún teldist eigandi á hljóðupptökunum, en ágreiningur væri um það á milli búsins, Pálma Ragnars og Bríetar. Auk þess teldi skiptastjóri líklegt að stærstur hluti kröfu Bríetar væri fyrndur og/eða fallinn niður fyrir sakir tómlætis. Þá virtist sem Bríet hefði ekki greitt til búsins fyrir þá vinnu sem innt hafi verið af hálfu búsins vegna þess.

Dómkröfur málsaðila samkvæmt greinargerðum þeirra til dómsins voru lagðar voru fram í þinghaldi 18. febrúar 2026 og 11. mars s.á.

## 2.

Samkvæmt kröfulýsingu varnaraðila, dags. 23. ágúst 2024, er hinn umdeildu kröfu varnaraðila lýst svo:

2. Almenn krafa að fjárhæð kr. 7.120.677 sem er tilkomin vegna ógreiddra streymistekna frá Spotify, sbr. meðfylgjandi útreikning á streymistekjum á fylgiskjali 1. Miðað er við að kröfueigandi eigi tilkall til 50% af áætluðum heildarstreymistekjum. Minnt er á að enginn skriflegur samningur er á milli Rok Records og kröfueiganda um skiptingu tekna. Krafa kröfueiganda um helmingshlutdeild í framangreindum tekjum byggir á því að framlög kröfueiganda við hljóðupptökurnar sem flytjandi sem og þátttaka kröfueiganda í markaðssetningu og kynningu á hljóðupptökunum er áætlað að nemi kr. 7.067.417, sbr. fylgiskjal 2, þar sem er að finna yfirlit yfir áætlaðar ógreiddar þóknanir kröfueiganda og útlagðan kostnað kröfueiganda í tengslum við upptökur og útgáfur á hljóðupptökum. Eins og áður hefur komið fram áætlað kröfueigandi að heildarupptökukostnaður Rok Records í tengslum við hljóðupptökurnar og útgáfu þeirra nemi kr. 7.650.000, sbr. fylgiskjal 3. Það er því ljóst að bæði kröfueigandi og Rok Records tóku

sambærilega fjárhagslega áhættu af hljóðupptökunum og útgáfu þeirra (enda hefur kröfueigandi aldrei fengið neina þóknun greidda vegna sinnar þátttöku eða endurgreiddan útlagðan kostnað). Við þessar aðstæður er því eðlilegt að aðilarnir skipti með sér þeim tekjum sem aflað hefur verið vegna útgáfu á hljóðupptökum til helminga. Þessari kröfu er lýst sem almennri kröfu í búið, sbr. 113. gr. gþlsk.

### 3.

*Dómkröfur og helstu málsástæður og lagarök sóknaraðila, Pálma Ragnars Ásgeirssonar, vegna kröfu hans um frávísun málsins frá dómi.*

Dómkröfur sóknaraðila, Pálma Ragnars Ásgeirssonar, eru þær *ad allega* að málinu verði vísað frá dómi, en *til vara* er krafist höfnunar á öllum kröfum sóknaraðila. Þá er krafist greiðslu málskostnaðar.

Helstu málsástæður og lagarök sóknaraðila koma fram í greinargerð hans til dómsins. Hann tekur fram að málið lúti að ágreiningi um fjárkröfur varnaraðila samkvæmt 2.–3. tölulið kröfulýsingar hennar eins og þær voru settar fram í þrotabú Líms og varahluta ehf.

Sóknaraðili vísar til 2. mgr. 117. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Samkvæmt ákvæðinu skuli kröfulýsing vera skýr um þær málsástæður sem kröfuhafi byggi kröfu sína á. Vísar sóknaraðili til d-liðar 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. einnig 177. gr. laga nr. 21/1991. Skuli í greinargerð sóknaraðila í ágreiningsmáli um kröfulýsingu greina dómkröfur svo glöggt sem verða má. Kröfurnar þurfi að vera nægjanlega skýrar til að unnt sé að taka þær upp í úrskurðarorð. Þá sé kröfuhafi bundinn við kröfulýsingu sína eins og hún sé sett fram fyrir skiptastjóra. Honum sé óheimilt að setja fram nýjar kröfur í greinargerð í ágreiningsmáli fyrir dómi. Hafi skiptastjóri ekki tekið afstöðu til kröfu geti hann ekki vísað ágreiningi um hana til héraðsdóms samkvæmt 171. gr. laga nr. 21/1991. Það séu því ekki lagaskilyrði til að reka ágreiningsmál um kröfu sem fyrst komi fram fyrir dómi, en hafi hvergi verið að finna í kröfulýsingu.

Sóknaraðili telur enga heimild fyrir því í gjaldþrotaskiptalögum að halda fram viðurkenningarkröfum með sama hætti og í almennum einkamálum. Samkvæmt 2. mgr. 117. gr. laga nr. 21/1991 skulu kröfur í þrotabú vera tilteknar svo skýrt sem verða má, svo sem með fjárhæð kröfu í krónum og tilgreiningu á þeirri stöðu sem krafist er í skuldaröð. Markmið kröfulýsingarferlisins og ágreiningsmála sé að leiða til lykta hverjir eigi tilkall til eigna búsins við úthlutun, sbr. 158. gr. sömu laga. Í 2. tölul. kröfulýsingar varnaraðila er lýst almennri fjárkröfu í búið samkvæmt 113. gr. laga nr. 21/1991.

Í I. lið dómkrafna í greinargerð varnaraðila til dómsins hafi kröfunni verið breytt í viðurkenningarkröfu. Skiptastjóri hafi ekki tekið afstöðu til „viðurkenningar“ kröfunnar í skiptunum. Því beri að vísa henni frá dómi. Þá sé engin heimild til þess að halda fram slíkri viðurkenningarkröfu í ágreiningsmáli samkvæmt gjaldþrotaskiptalögum.

Þá sé krafan sett þannig fram sem ósk um að tiltekin reikningsformúla verði viðurkennd með dómsúrskurði. Um sé að ræða lögspurningu samkvæmt 25. gr. laga nr. 91/1991.

Krafan sé einnig óskýr, skilyrt og háð óvissum framtíðaratvikum. Gerð sé krafa um „helsingshlutdeild“ í „tekjum“ að frádregnum „sannanlegum beinum kostnaði“ við „upptöku og útgáfu“. Það sé óskýrt hvað átt sé við með tekjum, um hvaða hljóðrit sé að ræða og hvað teljist sannanlegur beinn kostnaður. Þá sé krafist hlutdeildar tekna „sem skapast hafi“ og „kunni að skapast“ þar sem tímabil sé ótilgreint af ótilgreindum hljóðritum. Að mati sóknaraðila sé ekki unnt að beina kröfunni að ótilgreindum þriðju aðilum sem ekki eigi aðild að málinu. Þá sé vísað til hljóðrita „sem talin eru upp í málavaxtalýsingu í greinargerð þessari á bls. 2 og 3“. Þetta sé sjálfstæður ágalli á kröfugerðinni. Kröfugerð verði að geta staðið sjálfstætt, án þess að lesa þurfi forsendur eða málavaxtalýsingu. Því verði að telja hljóðritin upp í kröfugerð. Kröfugerðin sé andstæð 80. gr. laga nr. 91/1991, sérstaklega d-lið. 1. mgr.

Í II. lið dómkrafna varnaraðila eins og hún er sett fram í greinargerð hennar til dómsins sé vísað til kröfuliðar I og krafist „annars hlutfalls í tekjum“ en í kröfulið I. Kröfugerðin sé haldin sömu annmörkum og í I. lið greinargerðarinnar.

Dómkröfur í III. lið greinargerðar varnaraðila, sem er vegna 3. tölul. í kröfulýsingu, sé haldin þeim annmarka að þar er haldið fram óákveðinni kröfufjárhæð „að lágmarki“ 770.000 krónur. Til viðbótar séu í kröfugerðinni málsástæður sem ekki eigi heima í kröfugerð, bæði um að varnaraðili eigi rétt á greiðslunni sem „höfundur“ og „flytjandi“ vegna ótilgreindra hljóðsetninga sjónvarpsþátta og auglýsinga. Þá hafi varnaraðili einungis gert fjárkröfu að upphæð 520.000 krónur í 3. tölul. kröfulýsingar, en ekki að lágmarki 770.000 krónur eins og í greinargerð til dómsins. Ljóst sé að skiptastjóri hafi ekki tekið afstöðu til hluta kröfunnar, „að lágmarki“ 250.000 krónur. Beri að vísa kröfunni frá að því leyti sem um sé að ræða hækkun frá kröfulýsingu. Sóknaraðili tekur einnig fram að grundvelli kröfunnar í greinargerð hafi verið breytt frá kröfulýsingu. Í kröfulýsingu hafi varnaraðili aðeins gert kröfu til greiðslu sem „höfundur“ en í greinargerð sé gerð krafa um „flytjendagreiðslur“. Skiptastjóri hafi ekki tekið afstöðu til krafna

um flytjendagreiðslur þegar hann hafnaði kröfu sóknaraðila. Beri að vísa þeim hluta kröfunnar frá dómi sem byggir á flytjendagreiðslum.

Í IV. lið dómkrafna sé krafist viðurkenningar á takmörkun framsalsréttar. Þessi krafa hafi ekki verið sett fram í kröfulýsingu varnaraðila. Því beri að vísa henni frá dómi. Þá sé ekki heimilt að halda fram viðurkenningarkröfu í gjaldþrotamáli, auk þess sem um lögspurningu sé að ræða, þar sem krafan tengist ekki tilteknu framsali, sbr. 25. gr. laga nr. 91/1991. Auk þess taki framsalsbannið samkvæmt orðalagi kröfugerðarinnar til ýmissa ótilgreindra þriðju aðila sem kunni að eignast réttindi til hljóðrita í framtíðinni. Ekki sé heimilt að beina kröfunni að þriðju aðilum sem ekki eigi aðild að máli þessu. Þá sé krafan haldin sama réttarfarsannmarka og í I.–II. lið dómkrafna, þar sem ekki séu talin upp hljóðrit í kröfugerðinni.

Þá er á því byggt af hálfu sóknaraðila að sá galli sé á greinargerð varnaraðila að blandað sé saman umfjöllun um alls kyns mismunandi réttindi með óskýrum hætti. Þá séu allar tölur áætlaðar og óstuddar gögnum. Varnaraðili haldi því t.d. fram í I. dómkröfu að hún eigi inni [ótilgreinda] þóknun hjá búinu vegna „upptöku, flutnings, sölu og dreifingar“, án þess að greina á milli þessara mismunandi þátta í greinargerð sinni eða styðja hvern og einn lið gögnum eða réttarheimildum. Umfjöllunin í heild sé bæði ruglingsleg, vanreifuð og óskýr. Telur sóknaraðili með vísan til framangreinds að vísa beri frá dómi öllum kröfum sóknaraðila.

Við munnlegan flutning málsins mótmælti sóknaraðili öllum nýjum og breyttum dómkröfum sem varnaraðili hafi lagt fram undir rekstri málsins, þ. á m. svokölluðum endanlegum dómkröfum sem lagðar voru fram við munnlegan flutning málsins.

#### 4.

##### *Dómkröfur skiptastjóra þrotabús Líms og varahluta ehf.*

Skiptastjóri þrotabús Líms og varahluta ehf. hefur ekki uppi sjálfstæðar kröfur um frávísun málsins, en telur málatilbúnað varnaraðila og skort á gögnum vera með þeim hætti að varða kunni frávísun málsins af sjálfsdáðum og tekur undir málsástæður sóknaraðila Pálma Ragnars Ásgeirssonar sem fram koma í greinargerð hans til dómsins þar um. Hann krefst þess í efnisþætti málsins að staðfest verði ákvörðun skiptastjóra um að hafna kröfu varnaraðila sem almennri kröfu í þrotabúið.

*Dómkröfur og helstu málsástæður og lagarök varnaraðila, Bríetar Ísissar Elfar, vegna kröfu sóknaraðila um frávísun.*

Varnaraðili lagði fram greinargerð í málinu 18. febrúar 2026, þar sem gerðar voru svohljóðandi dómkröfur:

I. Að viðurkennt verði með dómi að sóknaraðili eigi rétt til helmingshlutdeildar í öllum tekjum sem skapast hafa og kunnu að skapast af sölu, miðlun og dreifingu á hljóðritum þeim sem talin eru upp í málavaxtalýsingu í greinargerð þessari á bls. 2 og 3 (hljóðritin), að frádregnum sannanlegum beinum kostnaði við upptöku og útgáfu.

II. Til vara, vegna kröfu I, að staðfest verði með dómi að sóknaraðili eigi rétt til annars hlutfalls í tekjum vegna hljóðritanna (en greinir í kröfulið I) að mati dómsins.

III. Að viðurkennt verði með dómi að sóknaraðili eigi rétt til rétthafagreiðslna að lágmarki kr. 770.000 (bæði sem höfundur og flytjandi) úr hendi varnaraðila, þb. Líms og varahluta ehf., vegna svokallaðrar hljóðsetningar tónlistar sóknaraðila við sjónvarpsþætti og auglýsingar.

IV. Að viðurkennt verði með dómi að þrotabúinu eða öðrum þeim aðila sem kann að teljast eigandi hljóðritana sé óheimilt að framselja þau réttindi nema með sérstöku samþykki sóknaraðila.

V. Að varnaraðilum verði sameiginlega gert að greiða sóknaraðila málskostnað að skaðlausu samkvæmt mati dómsins, eða samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi.

Í þinghaldi 27. mars 2026 lagði varnaraðili fram svohljóðandi breytingar á I. og II. dómkröfu:

I. Þess er krafist að viðurkennt verði með dómi að sóknaraðili eigi rétt til helmingshlutdeildar í öllum tekjum sem skapast hafa og kunnu að skapast af sölu, miðlun og dreifingu á eftirfarandi hljóðritum (hljóðritin), að frádregnum sannanlegum beinum kostnaði við upptöku og útgáfu:

1. Næturfrost (Bríet) – 2018
2. In Too Deep (Bríet) – 2018
3. Twin (Bríet) – 2018
4. Ghost (Bríet) – 2018
5. Feimin(n) (Bríet ft. Aron Can) – 2018
6. Carousel (Bríet) – 2018
7. Dino (Bríet) – 2019
8. Esjan (Bríet) – 2020
9. Heyrðu mig (Bríet) – 2020
10. Sólblóm (Bríet) – 2020
11. Hann er ekki þú (Bríet) – 2020
12. Djúp sár gróa hægt (Bríet) – 2020
13. Nær þér (Bríet) – 2020

14. Draumaland (Bríet) – 2020
15. Rólegur kúreki (Bríet) – 2020
16. Eltum sólina – intermession (Bríet) – 2020
17. Fimm (Bríet) – 2020
18. Rauðar rósir fölna (Bríet) – 2020
19. Cold Feet (Bríet) – 2022
20. Flugdreki (Bríet) – 2022
21. Bang Bang (Bríet) – ábreiða 2023

II. Til vara, vegna kröfu I, er þess krafist að staðfest verði með dómi að sóknaraðili eigi rétt til annars hlutfalls í tekjum (en krafist er í kröfulið I) að mati dómsins vegna hljóðritanna sem talin eru upp í kröfulið I.

Við munnlegan flutning málsins 13. maí 2026, og eftir að lögmaður sóknaraðila hafði flutt fyrri ræðu sína, lagði lögmaður varnaraðila fram nýtt dómskjal, „Endanlegar dómkröfur“, í sjö kröfuliðum sem eru svohljóðandi:

I. Þess er krafist að viðurkennt verði með úrskurði að krafa sóknaraðila að fjárhæð kr. 7.120.677 dagsett 23. ágúst 2024, skuli greidd af varnaraðila, þrotabúi Líms og varahluta ehf.

II. Til vara vegna kröfu I, er þess krafist að viðurkennt verði með úrskurði að sóknaraðili eigi rétt til helmingshlutdeildar í öllum tekjum sem varnaraðili, þrotabúi Líms og varahluta ehf., hefur móttengið á tímabilinu frá 18. mars 2018 til uppkvaðningar úrskurðar í máli þessu, vegna sölu, miðlunar og dreifingar á streymisveitum vegna eftirfarandi hljóðrita (hljóðritin), að frádregnum sannanlegum beinum kostnaði við upptöku og útgáfu þeirra:

1. Næturfrost (Bríet) – 2018
2. In Too Deep (Bríet) – 2018
3. Twin (Bríet) – 2018
4. Ghost (Bríet) – 2018
5. Feimin(n) (Bríet ft. Aron Can) – 2018
6. Carousel (Bríet) – 2018
7. Dino (Bríet) – 2019
8. Esjan (Bríet) – 2020
9. Heyrðu mig (Bríet) – 2020
10. Sólblóm (Bríet) – 2020
11. Hann er ekki þú (Bríet) – 2020
12. Djúp sár gróa hægt (Bríet) – 2020
13. Nær þér (Bríet) – 2020
14. Draumaland (Bríet) – 2020
15. Rólegur kúreki (Bríet) – 2020
16. Eltum sólina – intermession (Bríet) – 2020

17. Fimm (Bríet) – 2020
18. Rauðar rósir fölna (Bríet) – 2020
19. Cold Feet (Bríet) – 2022
20. Flugdreki (Bríet) – 2022
21. Bang Bang (Bríet) – ábreiða 2023

III. Til vara vegna kröfu II, er þess krafist að viðurkennt verði með úrskurði að sóknaraðili eigi rétt til annars og lægra hlutfalls (en krafist er í kröfulið II) af öllum tekjum sem varnaraðili, þrotabú Líms og varahluta ehf. hefur mótttekið á tímabilinu frá 18. mars 2018 til uppkvaðningar úrskurðar í máli þessu, vegna sölu, miðlunar og dreifingar á streymisveitum vegna hljóðritanna sem tekin eru upp í kröfulið II, að frádregnum sannanlegum beinum kostnaði við upptöku og útgáfu þeirra, að mati dómsins.

IV. Þess er krafist að viðurkennt verði með úrskurði að sóknaraðili eigi rétt til greiðslu að fjárhæð kr. 770.000 úr hendi varnaraðila, þb. Líms og varahluta ehf.

V. Til vara vegna IV. að viðurkennt verði með úrskurði að sóknaraðili eigi rétt til greiðslu að fjárhæð 330.000 krónur úr hendi varnaraðila, þb. Líms og varahluta ehf.

VI. Viðurkennt verði með úrskurði að varnaraðila, þb. Líms og varahluta ehf., sé óheimilt að framselja réttindi þrotabús Líms og varahluta ehf. að hljóðritunum (sem tilgreind eru í kröfulið II) nema með sérstöku samþykki sóknaraðila.

VII. Þá er þess krafist að varnaraðilum verði sameiginlega í öllum tilvikum gert að greiða sóknaraðila málskostnað að skaðlausu að mati dómsins, eða samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðar-reikningi, að teknu tilliti til virðisaukaskatts.

Undir munnlegum flutningi lögmanns varnaraðila lagði lögmaðurinn einnig fram bókun „vegna endanlegra dómkrafna“. Samkvæmt því sem þar kemur fram kveðst varnaraðili hafa breytt kröfugerð sinni með eftirfarandi hætti:

Í I. dómkröfu sé nú krafist ákveðinnar fjárhæðar, er sé sama fjárhæð og komi fram í kröfulýsingu.

Í II. dómkröfu séu gerðar breytingar sem lúti að því að krafa um tekjuhlutdeild sé nú afmörkuð við ákveðið tilgreint tímabil og kveðið skýrt á um að krafan beinist að þrotabúinu. Einnig séu hljóðritin nú tilgreind í kröfuliðnum sjálfum í stað þess að vísa til upptalningar annars staðar í greinargerð. Jafnframt sé nú tekið fram að um streymistekjur sé að ræða.

Þá sé III. dómkrafa varakrafa við dómkröfu II, sem taki sambærilegum breytingum vegna kröfuliðar II, vegna afmörkunar við ákveðið og tilgreint tímabil.

Þá sé í IV. dómkröfu gerð krafa um fastákveðna fjárhæð 770.000 krónur í samræmi við greinargerð.

Í V. dómkröfu sé varakrafa vegna kröfuliðar IV ef ekki verði fallist á hlutdeild varnaraðila af svokölluðum flytjendahluta af hljóðsetningarþóknunum.

Í VI. dómkröfu sé gerð breyting þannig að krafan beinist eingöngu að þrotabúinu.

Varnaraðili krefst þess að öllum frávisunarkröfum sóknaraðila verði hafnað. Bent er á að ekki hafi verið lagðar fram upplýsingar um kostnað sem þrotabúið hafi haft af upptökum og útgáfu hljóðritanna. Krafa hafi verið gerð í greinargerð um að dómari aflaði gagna á grundvelli 59. gr. b höfundalaga áður en málið yrði flutt um frávisun. Einnig hafi því verið beint til dómara að leggja mat á það af sjálfsdáðum hvort sóknaraðili Pálmi skyldi eiga aðild að þessu máli. Ljóst sé að dómari hafi ekki tekið afstöðu til þess hvort aðildin sé rétt. Einnig að dómari kanni hvort Pálmi hafi lögvarða hagsmuni af úrlausn málsins. Hann geti ekki gert kröfur f.h. þrotabúsins. Telur varnaraðili að Pálmi hafi enga lögvarða hagsmuni af úrlausn þessa máls. Kröfugerðin beinist að þrotabúinu en ekki Pálma. Þá séu aðskildir hagsmunir í þessu máli og í máli nr. X-7357/2025 þar sem deilt er um sértökukröfur málsaðila.

Eigi Pálmi ekki aðild að máli þessu verði að hafna öllum kröfum um frávisun málsins þar sem skiptastjóri þrotabúsins hafi ekki gert kröfu um frávisun málsins frá dómi.

Einnig bendir varnaraðili á að þrátt fyrir að fallist verði á frávisun málsins að kröfu Pálma, þá breyti það ekki því að málið verði rekið áfram á hendur þrotabúinu.

Varnaraðili tekur fram að hún hafi lagt fram nýjar og lagfærðar dómkröfur. Vísar hún m.a. til fræðirits Markúsar Sigurbjörnssonar um Einkamálaréttarfar þar sem fjallað er um heimildir til breytinga og lagfæringa á kröfu stefnanda, þar segi að heimilt sé að gera breytingar og lagfæringar fram að málflutningi.

Varnaraðili hafi nú breytt kröfugerðinni og vísar í því sambandi til dómskjals og bókunar sem hún lagði fram við upphaf munnlegs málflutnings síns og felur í sér endanlegar dómkröfur hennar í VII kröfuliðum. Þetta sé gert til þess að koma á framfæri nýjum upplýsingum með heimild í 1. mgr. 177. gr. gþl. Telur varnaraðili að henni sé heimilt að breyta málsástæðum allt fram að málflutningi og þar með talið að breyta og lagfæra kröfugerð sína. Samkvæmt 3. mgr. 177. gr. gþl. beri að fara með kröfu um frávisun samkvæmt lögum um meðferð einkamála. Hún bendir á að breytingar hennar sé allar ívilnandi fyrir varnaraðila.

Varnaraðili fer yfir þær breytingar sem hún hafi gert á kröfugerð sinni með framlagningu nýrra endanlegra dómkrafna við munnlegan flutning málsins. Farið er yfir hverja kröfu fyrir sig samkvæmt endanlegri kröfugerð og hvernig með þeim hafi verið brugðist við málsástæðum sóknaraðila um frávísun málsins. Taki málflutningur varnaraðila því mið af endanlegri kröfugerð varnaraðila.

Um mótmæli varnaraðila við viðurkenningarkröfum bendir varnaraðili á að lög um gjaldþrotaskipti banni ekki viðurkenningarkröfur og vísar einnig til 25. gr. laga um meðferð einkamála.

Varnaraðili bendir á að upplýsingar liggi nú fyrir frá Öldu sem sýni fram á með nákvæmum hætti hverjar hafi verið tekjur þrotabúsins af hljóðritunum. Þær upplýsingar sýni fram á hærri tekjur þrotabúsins af hljóðritunum en gert hafi verið ráð fyrir sem varnaraðili hafi ekki fengið krónu af. Þess vegna hafi I. dómkröfu verið breytt í nákvæma fjárhæð, 7.120.677 krónur, sem skuli greidd til varnaraðila úr þrotabúinu. Í samræmi við þessar nýju upplýsingar hafi endanlegri dómkröfu II einnig verið breytt til samræmis, sem lögð hafi verið fram við munnlegan flutnings málsins. Krafan varði tiltekið tímabil og streymistekjur. Samkvæmt þessu sé ekki uppi neinn vafi lengur um tekjurnar. Þá sé ljóst hver sé sannanlegur kostnaður. Það sé hægt að sýna fram á kostnaðinn með kvittunum. Síðan megi deila um sannaðan kostnað en það liggi ekkert fyrir um hann þrátt fyrir endalausar deilur aðila.

Varnaraðili bendir á að takmarkaðar upplýsingar hafi legið fyrir þegar kröfulýsing hafi upphaflega verið sett fram. Undir rekstri málsins hafi grundvöllur málsins breyst og nýjar upplýsingar komið fram. Telur varnaraðili að sóknaraðili hafi komið í veg fyrir að nauðsynlegar upplýsingar litu dagsljósið.

Málsástæðum í 8. tölulið í greinargerð sóknaraðila Pálma sé mótmælt. Þá bendir varnaraðili á að allar sömu málsástæður standi að baki endanlegum dómkröfum sem lagðar voru fram við munnlegan flutning málsins og komu fram í greinargerð sem lögð var fram 18. febrúar 2026.

Þá sé byggt á helmingaskiptareglu varðandi tekjur, eins og þeim hafi verið lýst í samantekt Öldu. Þá liggi fyrir að skiptastjóri telji umræddar tekjur réttar. Heildartekjur nemi a.m.k. 19.000.000 króna.

Þá er því mótmælt að viðurkenningarkröfur varnaraðila feli í sér lögspurningu. Sannanlegur kostnaður sé sá kostnaður sem féll til, svo sem vegna leigu á húsnæði, sem er nauðsynlegur til að taka upp hljóðrit. Það liggi engar upplýsingar fyrir frá sóknaraðila

Pálma og engar upplýsingar liggi fyrir í gögnum þrotabúsins. Þess vegna hafi verið erfiðleikum bundið að leggja fram endanlegar dómkröfur.

Málsástæðum í 13. tölulið í greinargerð sóknaraðila sé mótmælt. Hafi greinargerð verið breytt þannig að nú er ekki lengur vísað til annarra aðila eins og gert var í fyrri kröfugerð.

## 6.

### *Niðurstaða*

Mál þetta, sem rekið er fyrir dóminum á grundvelli XXIII.–XXIV. kafla laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl., barst dóminum með bréfi skiptastjóra þrotabús Líms og varahluta ehf., móttæknu 26. nóvember 2025, vegna ágreinings um lýsta kröfu varnaraðila í þrotabúið.

Ágreiningur í þessum þætti málsins lýtur í fyrsta lagi að því hvort vísa beri frá dómi öllum dómkröfum varnaraðila eins og þeim er lýst í greinargerð hennar til dómsins vegna margvíslegra ágalla sem sóknaraðili telur vera á framsetningu þeirra. Þar með talinn er ágreiningur um það hvort varnaraðila sé heimilt að lagfæra kröfugerð með framlagningu nýrra kröfugerða undir rekstri málsins og einnig við munnlegan flutning málsins í því skyni að bregðast við frávísunarkröfum sóknaraðila.

Samkvæmt fyrrgreindu bréfi skiptastjóra til dómsins lýsti varnaraðili almennri kröfu á grundvelli 113. gr. laga nr. 21/1991 í búið með þeim röksemdum að hún ætti 50% af áætluðum heildarstreymistekjum er tengjast útgefnum lögum hennar. Tók skiptastjóri fram að ágreiningur væri á milli málsaðila innbyrðis og búsins um eignarhald á hljóðupptökunum. Með vísan til þessa telst sóknaraðili að mati dómsins réttur aðili málsins við hlið búsins, sbr. 3. mgr. 171. gr. og 2. mgr. 178. gr. laga nr. 21/1991, sbr. 16. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Telur dómurinn einnig ljóst með vísan til umrædds ágreinings að sóknaraðili hafi lögvarða hagsmuni af úrlausn máls þessa. Þá er einnig ljóst af bréfi skiptastjóra til dómsins að skiptastjóri telur að þeir annmarkar sem sóknaraðili Pálmi telur vera á dómkröfum varnaraðila geti varðað frávísun málsins af sjálfsdáðum, þó svo að ekki hafi verið gerðar kröfur þess efnis. Tekur skiptastjóri undir málsástæður sóknaraðila Pálma sem lúta að frávísun málsins. Samkvæmt þessu mun niðurstaða dómsins í máli þessu einnig binda þrotabúið.

Víkur þá næst að málsástæðum málsaðila um það hvort vísa beri máli þessu frá dómi.

Sóknaraðili telur að vísa beri málinu frá dómi vegna margvíslegra ágalla á kröfugerð varnaraðila í greinargerð hennar til dómsins. Einnig er mótmælt sérstaklega öllum tilraunum varnaraðila til lagfæringa á kröfugerðinni undir rekstri málsins, þ. á m. við munnlegan flutning málsins.

Varnaraðili telur á hinn bóginn enga annmarka vera á málatilbúnaði sínum. Hún hafi lagt fram nýjar og lagfærðar dómkröfur. Endanlegar dómkröfur hafi komið fram við munnlegan flutnings málsins og þær kröfur beri að leggja til grundvallar við úrlausn málsins.

Í 2. mgr. 117. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. er mælt fyrir um form og efni kröfulýsingar. Samkvæmt ákvæðinu þurfa í kröfulýsingu kröfur að koma fram svo skýrt sem verða má, svo sem fjárhæð kröfu og vaxta í krónum. Samkvæmt ákvæðinu þarf að tilgreina fjárhæð peningakröfu í krónum með sundurliðuðum útreikningi. Þá verður að reikna vexti út og tiltaka fjárhæð þeirra.

Af ákvæði 117. gr. verður ráðið að efni og forsendur kröfulýsingar sem beint er til þrotabús verði að vera skýrt í ljósi þess hversu veigamikil áhrif hún getur haft á réttarstöðu þeirra sem eiga í hlut. Í lögskýringargögnum með ákvæði 2. mgr. 117. gr. er gengið út frá því að kröfulýsing verði í meginatriðum að vera gerð á þann hátt að hún geymi sambærileg atriði og verða að koma fram í stefnu í einkamáli. Þá er jafnframt gengið út frá því að gögn verði að fylgja kröfulýsingu með sama hætti og ef verið væri að höfða einkamál um þá kröfu sem höfð er uppi, sbr. 3. mgr. 117. gr. laga nr. 21/1991. Einnig ber að líta til þess að þær kröfur sem gerðar eru til efnis kröfulýsingar samkvæmt 2. mgr. 117. gr. laganna eru ríkari en gerðar eru til efnis stefnu samkvæmt 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, að því leyti að í kröfulýsingu verður ávallt að tilgreina peningakröfu í krónum með sundurliðuðum útreikningi hennar til fullnaðar.

Við munnlegan flutning málsins lagði varnaraðili fram nýtt skjal með yfirskriftinni „Endanlegar dómkröfur“ í kröfuliðum I–VII. Lýsti lögmaður varnaraðila því yfir að þarna væru komnar fram endanlegar dómkröfur varnaraðila sem leggja bæri til grundvallar úrlausn málsins. Því væri fallið frá fyrri kröfum eins og þeim hafi verið lýst í greinargerð hennar til dómsins og einnig þeirri lagfæringu á kröfugerð sem lögð var fram í þinghaldi 27. mars 2026.

Sóknaraðili mótmælir öllum fyrirætlunum varnaraðila um lagfæringar á kröfum frá því sem fram kom í greinargerð hennar til dómsins. Auk þess telur sóknaraðili að bæði endanlegar dómkröfur varnaraðila og kröfugerð samkvæmt greinargerð séu í

andstöðu við kröfulýsingu varnaraðila og við ágreiningsefnið eins og því sé lýst í bréfi skiptastjóra til dómsins.

Í kröfulýsingu varnaraðila í þrotabú Líms og varahluta ehf. er lýst almennri kröfu að fjárhæð 7.120.677 krónur vegna ógreiddra streymistekna miðað við 50% af áætluðum heildarstreymistekjum af tilgreindum 22 hljóðupptökum sem taldar eru upp í sérstöku fylgiskjali með kröfulýsingunni. Er tekið fram að fjárhæðin taki einnig mið af áætluðum útlögðum kostnaði, 7.650.000 krónum.

Í bréfi skiptastjóra til dómsins er framangreind lýsing á kröfu varnaraðila lögð til grundvallar.

Í greinargerð varnaraðila til dómsins 18. febrúar 2026 hefur kröfugerðinni verið breytt þannig að þess er krafist að „viðurkennt“ verði með dómi að sóknaraðili eigi rétt til helmingshlutdeildar „í öllum tekjum sem skapast hafa og kunnu að skapast“ af sölu, miðlun og dreifingu á sömu hljóðritunum og vísað er til í kröfulýsingu, „að frádregnum sannanlegum beinum kostnaði við upptöku og útgáfu“.

Í greinargerð sinni gerir varnaraðili þannig ekki lengur kröfu um ákveðna fjárhæð, heldur krefst hún viðurkenningar á rétti sínum til helmings streymistekna og ekki aðeins sem skapast hafa heldur einnig til framtíðar litið. Undir rekstri málsins hefur varnaraðili síðan fallið frá kröfum sínum eins og þeim er lýst í greinargerðinni og hefur sem fyrr segir lagt fram við munnlegan flutning málsins endanlegar dómkröfur, þar sem þess er krafist í I. dómkröfu að „viðurkennt verði með úrskurði að krafa sóknaraðila að fjárhæð 7.120.677 krónur dagsett 23. ágúst 2024, skuli greidd af varnaraðila, þrotabúi Líms og varahluta ehf.“.

Sóknaraðili hefur mótmælt öllum breytingum varnaraðila á kröfugerð og tekur fram að hún sé bundinn við kröfugerð sína samkvæmt greinargerð til dómsins.

Líta ber til þess að mál þetta sem er rekið eftir ákvæðum 5. þáttar laga nr. 21/1991, um meðferð ágreiningsmála fyrir dómstólum, lýtur að því að fá leyst úr ágreiningi um hvort taka eigi til greina kröfu varnaraðila eins og henni var lýst í kröfulýsingu hennar til skiptastjóra 23. ágúst 2024. Í ljósi þess verða fyrir dómi ekki hafðar uppi auknar kröfur frá þeirri, sem gerð var í kröfulýsingu, sbr. 118. gr. laga nr. 21/1991, en úr kröfum getur aðili á hinn bóginn dregið fyrir dómi og bætt úr annmörkum á henni á sama hátt og gera mætti undir rekstri einkamáls eftir almennum reglum.

Varnaraðili hefur undir rekstri máls þessa leitast við að ráða bót á þessum annmarka með framlagningu endanlegra dómkrafna við munnlegan flutning málsins og í

reynd fyrst eftir að lögmaður sóknaraðila hafði flutt fyrri ræðu sína. Verða slíkar síðbúnar breytingar ekki lagðar fram gegn andmælum sóknaraðila. Eru breytingar þessar á kröfugerð varnaraðila sem fyrst voru dregnar fram í dagsljósið undir ræðu lögmanns hennar allt of seint fram komnar og verður ekki að neinu leyti tekin afstaða til þeirra við úrlausn málsins, sbr. 2. mgr. 178. gr. laga nr. 21/1991, sbr. 5. mgr. 101. gr. laga nr. 91/1991, enda ekki um að ræða eftirgjöf eða lækkun krafna varnaraðila. Verða því lagðar til grundvallar við úrlausn málsins dómkröfur varnaraðila eins og þeim er lýst í greinargerð hennar til dómsins.

Í greinargerð sinni fyrir dóminum hefur varnaraðili sem fyrr segir vikið frá aðalkröfu sinni um greiðslu ákveðinnar fjárhæðar úr þrotabúinu og gerir þess í stað kröfu um viðurkenningu á rétti sínum til helmingshlutdeildar, ekki einungis í tekjum sem þegar hafi fallið til eins og gert var í kröfulýsingu og lýst er í bréfi skiptastjóra til dómsins, heldur einnig til óvissra tekna sem skapast muni í framtíðinni.

Með vísan til þess er að framan greinir getur varnaraðili að mati dómsins ekki breytt kröfugerð sinni með þeim hætti sem lýst hefur verið. Hefur varnaraðili í greinargerð sinni aukið við kröfur með því að krefjast hlutdeildar í óvissum tekjum en einnig fallið frá fjárkröfu sinni á hendur búinu sem höfð var uppi í kröfulýsingu. Fullnægir kröfugerðin því hvorki ákvæðum d-liðar 1. mgr. 80. gr. né 4. mgr. 114. gr. laga nr. 91/1991, sbr. 2. mgr. 178. gr. laga nr. 21/1991, en í dómi má hvorki skírskota til sannana né atvika sem kunna síðar að koma fram, sbr. til hliðsjónar dóm Hæstaréttar 5. febrúar 2004 í máli nr. 218/2003. Með þeirri ráðstöfun á sakarefninu sem fram kemur í greinargerð varnaraðila til dómsins telst hún því einnig hafa fallið frá aðalkröfu sinni, sem höfð var uppi í kröfulýsingu hennar til skiptastjóra, sbr. dóm Hæstaréttar 1. apríl 2014 í máli nr. 182/2014.

Með vísan til framangreinds er það niðurstaða dómsins að vísa beri aðalkröfu varnaraðila frá dómi. Með sömu rökum og að framan greinir er II. varakröfu varnaraðila samkvæmt greinargerð einnig vísað frá dóminum.

Í III. kröfu varnaraðila samkvæmt greinargerð er krafist viðurkenningar á rétt-hafagreiðslum varnaraðila að lágmarki 770.000 krónur bæði sem höfundur og flytjandi. Í kröfulýsingu sóknaraðila er á hinn bóginn gerð ákveðin krafa að fjárhæð 520.000 krónur sem höfundur. Krafan er því sett fram án nokkurs hámarks og fjárhæðin er því óskýr. Einnig er engin lýsing á því í greinargerð um hvaða sjónvarpsþætti og auglýsingar er að ræða eða við hvaða hlutfall skuli miðað rétthafagreiðslurnar. Þá hefur skiptastjóri ekki

tekið afstöðu til kröfunnar eins og hún er sett fram til hækkunar frá því sem fram kom í kröfulýsingu. Fallist á er með sóknaraðila að krafa varnaraðila samrýmist ekki 117. gr. laga nr. 21/1991, um skýrleika fjárhæðar kröfu. Með vísan til framangreinds, sbr. einnig 3. másl. 1. mgr. 111. gr. laga nr. 91/1991, sbr. 2. mgr. 178. gr. laga nr. 21/1991, er kröfu þessari vísað frá dómi.

Kröfu varnaraðila samkvæmt IV. dómkröfu í greinargerð hefur ekki verið lýst í þrotabúið. Sem fyrr segir verða fyrir dómi ekki hafðar uppi auknar kröfur frá þeirri, sem gerð var í kröfulýsingu, sbr. 118. gr. laga nr. 21/1991. Er kröfu þessari vísað frá dómi.

Þá verður ekki talið að málsástæður varnaraðila um að dómara hafi áður en málið var tekið til úrskurðar um frávísunarkröfu sóknaraðila borið að afla gagna með heimild í 59. gr. b. höfundalaga eða að upplýsingar frá Öldu um tekjur þrotabúsins af hljóðritunum og kostnaði vegna þeirra hafi þýðingu fyrir úrlausn málsins.

Með skírskotun til alls þess er að framan greinir eru slíkir annmarkar á kröfugerð varnaraðila í greinargerð hennar til dómsins að ekki verður hjá því komist að vísa þeim öllum frá dómi að undanskilinni kröfu um málskostnað. Er því fallist á kröfu sóknaraðila, Pálma Ragnars Ásgeirssonar, um frávísun málsins frá dómi.

Eftir úrslitum málsins og með vísan til 2. mgr. 178. gr. laga nr. 21/1991, sbr. 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991, verður varnaraðila Bríeti Ísis Elfar gert að greiða sóknaraðila Pálma Ragnari Ásgeirssyni 700.000 krónur í málskostnað og þrotabúi Líms og varahluta ehf. 200.000 krónur í málskostnað.

Ragnheiður Snorradóttir héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan.

### **Úrskurðarorð:**

Málinu er vísað frá dómi.

Varnaraðili Bríeti Ísis Elfar greiði sóknaraðila Pálma Ragnari Ásgeirssyni 700.000 krónur í málskostnað og þrotabúi Líms og varahluta ehf. 200.000 krónur í málskostnað.

Ragnheiður Snorradóttir